

GJALDSKRÁ fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar er byggð á lögum nr. 81/1991 ásamt síðari breytingum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,223 hundraðshlutar af fasteignamati.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera 12 krónur fyrir neysluvatn á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla fer eftir sverleika heimæðar. Ársleiga skal vera sem hér segir:

4" mælar kr. 18.350

3" mælar kr. 14.660

2" mælar kr. 5.840

Gjalddagar leigugjalds eru þeir sömu og við innheimtu aukavatnsskattsins sjálfs, nú sex sinnum á ári. Leigugjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.

4. gr.

Stofngjald vatnsveitu kr. 36,78 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Gjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.

5. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Staðfest af sveitarstjórn Eyrarsveitar 8. febrúar 2001.

Björg Ágústsdóttir sveitarstjóri.